

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr stofnfuglum í uppeldi.

Svona skalt þú taka sýni

Sýnatökuplan fyrir stofnfugla hænsnfugla og kalkúna

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Uppeldi	Útungun	Útungunarstöð sóttkví	-Eggjaskurnsýni -eða kassaklæðning -eða tausýni	Alltaf	
	4ja vikna aldur	Uppeldishús sóttkví	Skóhlífásýni 2 pör = 1 safnsýni	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	Skóhlífásýni 2 pör =1 safnsýni	Alltaf	

Sokkasýni (skóhlífásýni)

Nota skal rakadrægt efni, t.d. þar til ætlaðir skóhlífar eða grisjuhólka, sem klipptir eru í u.þ.b. 50cm langa búta.

Notaður er skófatanaður sem tilheyrir eldishúsi.

Ekki leyfilegt að nota sóttreinsandi efni á skó áður en sokkar eru settir á skóna. Ef notast er við fótabað með sóttreinsandi efni þarf að nota einnota skóhlífar undir sýnatökubúnað.

Fyrir sýnatöku skal væta sokka í hreinu vatni.

Sokkarar er sett yfir skófatnað, einn sokkur á hvorn fót. Ef notaðir er grisjuhólkar er sokkur festur á hælnum með því að rífa upp í grisjuna og hnýta saman.



Síðan er gengið um eldissalinn og tryggt að sýni náist af mismunandi svæðum (þurrum, blautum o.s.frv.).

Þegar búið er að fara yfir sýnatökusvæðið er skóhlífa/sokkarið tekið varlega af skófatnaði og þess gætt að innihaldið hrynji ekki af (gott getur verið að snúa skóhlífum/sokkum við (venda) utan um innihaldið). Sokkpar er sett hreinan plastpoka og merkt. Sýnatakan er endurtekin þannig að eldissal er skipt í tvennt og gengið um helming eldissals með hvoru sokkpari. Bæði sokkparin eru sameinuð í einn plastpoka.

Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer uppeldishóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Síðast uppfært: 26. september 2016